

Áfangalýsing		
ADFE3HF05EH Hugmynda og rannsóknarvinna Námsgrein: Aðferðafræði	Einingar 5	Hæfniprep 3
Lýsing Í áfanganum er lögð áhersla á hugmynda- og rannsóknarvinnu í tengslum við efni og líkön. Nemendur vinna á skapandi hátt með líkön, mót og efni í tilraunum og leik. Þeir skoða eiginleika mismunandi efna og notkun þeirra með tilliti til endurnýtingar, förgunar og áhrifa á umhverfið. Unnið er á fjölbreyttan hátt þar sem áhersla er lögð á aðferðir og vinnulagi við gerð þrívíðra líkana, útflatninga og móta. Unnið er með mælikvarða, uppmælingar og lestur vinnuteikninga. Viðfangsefni eru tengd umhverfi og sögu.		
Forkröfur: TEIK2HF05EH		
Þekkingarviðmið <i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i> - notkun efna með tilliti til umhverfis og samfélags - mikilvægi rannsókna á nýrri notkun efna - aðferðum við gerð þrívíðra líkana, útflatninga og móta - mælikvörðum, uppmælingum og lestri vinnuteikninga - tengingu viðfangsefna við umhverfi og sögu		
Leikniviðmið <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i> - afla sér upplýsinga um eiginleika efna, notagildi og áhrifa á umhverfið - gera tilraunir og rannsóknir með efni og líkön - meta áhrif efna á umhverfi, samfélag og náttúru - byggja upp þrívíð líkön, útflatninga og mót - vinna á skapandi hátt með mismundandi efni og verkfæri við gerð þrívíðra verkefna - vinna með hugmyndir og skissur og útfæra í þrívíðu líkani		
Hæfniviðmið <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i> - geta unnið á sjálfstæðan og skapandi hátt með efni og líkön í tilraun og leik - geta sett vinnu sína í samhengi við umhverfi, samfélag og sögu - geta kynnt og fjallað um eigin verkefni og annarra á gagnrýnin hátt - einfalda og draga ályktanir í vinnu sinni - þróa persónulega sýn í verkefnavinnu - sýna ábyrgð og sjálfstæði í vinnubrögðum		
Námsmat <i>Námsmat er skilgreint í námsáætlun í samræmi við skólanámskrá og nánar útfært í verklagsreglum skólans sem birtar eru í gæðahandbók.</i>		
Grunnþættir og lykilhæfni <i>Í skólanámskrá Tækniskólans má sjá hvernig grunnþættir menntunar og lykilhæfni fléttast inn í allt nám og starf í skólanum. Áfangalýsingar eru nánar útfærðar í námsáætlunum og þar kemur fram hvernig grunnþættirnir fléttast inn í námið í viðkomandi áfanga.</i>		